



FJÁRMÁLAEFTIRLITIÐ

THE FINANCIAL SUPERVISORY AUTHORITY, ICELAND

Dreifibréf til lífeyrissjóða

15. desember 2014

Tilvísun: 2012050062

**Efni: Umræðuskjal nr. 14/2014 um drög að reglum um ársreikninga lífeyrissjóða.**

Fjármálaeftirlitið hefur gefið út umræðuskjal nr. 14/2014, sem inniheldur drög að reglum um ársreikninga lífeyrissjóða. Drögin fela í sér heildarendurskoðun á gildandi reglum um ársreikninga lífeyrissjóða. Með þessu dreifibréfi gefur stofnunin viðtakendum kost á að gera athugasemdir við drögin, en þau eru einnig birt opinberlega á vefsíðu eftirlitsins, [www.fme.is](http://www.fme.is).

Með reglunum eru gerðar nokkrar veigamiklar breytingar á gildandi reglum um ársreikninga lífeyrissjóða, nr. 55/2000. Orðalag reglnanna hefur verið uppfært og samræmt við lög um ársreikninga, nr. 3/2006. Formi sem fylgja ber við uppsetningu ársreikninga lífeyrissjóða og er birt í viðauka með gildandi reglum hefur verið breytt umtalsvert. Matsreglur breytast einnig en mestu munar þar um að í umræðuskjalinu kemur fram að skuldabréf verði færð á gangvirði en að hluta til á afskrifuðu kostnaðarverði. Einnig er í reglunum m.a. að finna ný ákvæði um gagnsæi vegna þóknana til starfsmanna og endurskoðenda lífeyrissjóða, svo og þóknana tengdum fjárfestingum sjóðanna.

Umsagnaraðilar eru vinsamlegast beðnir um að skila umsögnum rafrænt á sérstöku umsagnareyðublaði sem útbúið hefur verið vegna regludraga þessara. Umsagnareyðublaðið fylgir þessu dreifibréfi en það má einnig nálgast á vefsíðu Fjármálaeftirlitsins með því að velja „Lög og tilmæli“-flipann á forsíðu og velja svo flokkinn „Umræðuskjöl“. Umsagnareyðublaðið skal sent á netfangið [fme@fme.is](mailto:fme@fme.is).

Þess er óskað að athugasemdir vegna umræðuskjalsins verði sendar Fjármálaeftirlitinu ekki síðar en 23. janúar nk. Nánari upplýsingar veitir Hjálmar Stefán Brynjólfsson ([hjalmar@fme.is](mailto:hjalmar@fme.is)).

Virðingarfyllst,

FJÁRMÁLAEFTIRLITIÐ

Rúnar Guðmundsson

Hjálmar S. Brynjólfsson